

“Brauð og leikar fyrir lýðinn...!”

Eru gömul sannindi frá tímum rómverja til að hafa pöpulinn hamingjusaman og “auðstjórnanlegri...” sem alveg furðanlega margir vilja gleyma í dag...!

Nú hef ég, í mínu atvinnuleysi og aumingjaskap, notið þess að geta sótt í aðstöðu sem af stöðugri fórnfýsi er rekið í “nánast” sjálfboðavinnu... Sú aðstaða er Hlutverkasetur, Borgartúni 1, Reykjavík...

(<http://www.hlutverkasetur.is/>).

Ég mæli eindregið með þeirri starfsemi...

Hlutverkasetur er ætlað öllum þeim sem ætla sér eitthvað annað í lífinu en að sitja heima og bíða eftir að heimurinn og lífið lagist... eða einsog segir á heimasíðu Hlutverkaseturs: Fyrir fólk sem misst hefur vinnuna, eða önnur mikilvæg hlutverk í samfélaginu, og vill taka þátt í að byggja upp jákvætt umhverfi, koma reglu á lífið, og kynnast fólki í svipuðum aðstæðum. Í gegnum þátttöku í verkefnum deilum við hugmyndum og vinnum saman...

Ég rak mig s.s. á það í byrjun atvinnuleysis að aðstaða fyrir venjulegt fólk í samfélaginu, sem er í svipaðri stöðu og ég, er nánast ekki nein. Það vantaði tilfinnanlega einhvers konar félagsmiðstöð fyrir fólk í óvissu með sjálfan sig og framtíð sína. Forvarnir, úrræði og lausnir gagnvart andlegu heilbrigði einstaklingsins er því miður fáránlega lítil hérna á Íslandi.

Eitthvað sem maður hefði búist við að stéttarfélagin myndu aðstoða við og hjálpa uppá. En, nei. Þegar maður talar um svoleiðis við fulltrúa þessara stéttarfélaganna þá fær maður bara svipuð svör. “Fólk getur, og á, að hittast á kaffistöðum og veitingahúsum til að spjalla.” Og eru því stéttarfélagin farinn að passa uppá hið “heilaga einkaframtak” og rekstur í þjóðfélaginu?!?

Nú er ég veitingamaður sjálfur og hef þess vegna fylgst vel með þegar AA-fólki hefur verið vísað frá veitingahúsum vegna “ekki réttu” viðskiptana á þeim veitingastöðum og kaffihúsum sem þau hafa verið að sækja. Því auðvitað þrífst ekki veitingarekstur nema hann skili hagnaði. Einsog allur annar rekstur!

Það þarf s.s. að eiga peninga til að geta leyft sér að hitta fólk á veitingastöðum. Og svoleiðis eiga atvinnulausir ekki til!

Það er mér illskiljanlegt hversu dystópískir ráðamenn þjóðarinnar eru fyrir þessu. Því mín stétt í þjóðfélaginu er stöðugt að stækka. Það er bara falið með því að skrá fólk í skóla, á námslánnum jafnvel, eða er ekki lengur skráð atvinnulaust vegna þess að það er sett á Tryggingarstofnun sem öryrkjar vegna langtímaatvinnuleysis. Þannig er hægt “nefnilega” að halda atvinnuleysistölum niðri!

Það er að öllu framansögðu óskiljanlegt að sveitarfélögin, sem og aðrir í þjóðfélaginu, skuli ekki bæta úr aðstöðu þeirra sem glíma við hlutverkaleysi í nútímasamfélagi. Sérstaklega þegar gömul sannindi, eins og þau sem ég vitnaði í, í byrjun frá dögum Rómverja, eru talin grunnþáttur í rekstri þjóðfélaga.

Hvar ætli allt þetta fólk hafi farið í skóla?